



KEPPNIS- OG ÆFINGAFERÐIR ERLENDIS

BARNA- OG
UNGLINGARÁÐ
KNATTSPYRNUDEILDAR



Efnisyfirlit

Til flokksráða og foreldra.....	2
Hlutverk flokksráða.....	2
Fyrirkomulag vegna ferða erlendis á vegum HK.....	3
Fjöldi þjálfara og fararstjóra í ferðum	4
Í upphafi tímabils að hausti	5
Foreldrafundur með þjálfurum	5
Skipun nefnda	5
Ferðanefnd	5
Fjáröflunarnefnd.....	6
Fatanefnd.....	6
Eftir áramót	6
Hlutverk fararstjóra.....	7
Dæmi um upplýsingablað.....	8

Til flokksráða og foreldra

Í yngri flokka starfinu er þáttur forelda ómetanlegur. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í fjáröflunum fyrir viðkomandi flokka ásamt ýmsum störfum sem til falla við félagsstarfið. Gott samstarf þarf að vera milli foreldra og þjálfara og þarf boðmiðlun milli aðila að vera skilvirk, á jákvæðum og mannlegum nótum.

Hlutverk flokksráða

1. Eru tengiliðir við þjálfara og sjá um að senda upplýsingar á foreldra þegar við á.
 - a. Sportablar (greiðslu vegna móta og leikjaplön).
 - b. Facebook síða stofnuð vegna fyrirhugaðrar ferðar (aðrar upplýsingar en en það sem tengist leikjafyrirkomulagi og greiðslum).
2. Tryggja að fararstjóri/ar fari með þegar farið er í keppnisferðir.
3. Skipuleggja fjáraflanir til að standa straum af ferðakostnaði þegar það þarf.
4. Eru verkstjórar – þurfa ekki að vinna alla vinnuna heldur sjá um að virkja sem flesta foreldra.
5. Einn úr flokksráði er tengiliður viðkomandi flokks við starfsmann á skrifstofu HK ef framkvæma þarf greiðslur vegna gistimóta/æfinga- eða keppnisferða.
6. Gott ef að einhverjir sem eru duglegir að mæta á leiki geti tekið myndir og komið þeim áleiðis til B&U til að setja inn á heimasíðu félagsins.

Að vera í flokksráði er skemmtilegt og gefandi, ef flokksráð er jákvætt smitar það út frá sér til hinna foreldranna.

Fyrirkomulag vegna ferða erlendis á vegum HK

Æfinga- eða keppnisferðir erlendis hafa bæði félags- og menningarleg markmið í fyrirrúmi. Þjálfari viðkomandi flokks, í samráði við yfirþjálfara knattþyrnudeildar kynna fyrir foreldrum í upphafi hvers tímabils hvert flokkurinn heldur. Við val á ferð skal tryggja verkefni við hæfi í hverjum flokki.

2.flokkur

Flokkurinn getur farið í æfinga- eða keppnisferðir **á hverju ári** að eigin vali, hvort sem horft er til þess að spila leiki við erlend lið og/eða heimsóknir á æfingar hjá erlendum liðum eða eingöngu æfingaferð.

3.flokkur

Miða skal við að iðkendur á **eldra árið fara í keppnisferð erlendis**, en yngra árið fari í æfingabúðir í 1-2 nætur innanlands eða skoði með að fara á ReyCup. Varðandi keppnisferð erlendis skal horfa til þess að drengir fari á Gothia Cup og stúlkur á Helsinki Cup. Þegar kemur að fjáröflun sér 3. fl. kk og kvk um sjoppuna á leikjum mfl. karla yfir sumarið. Sjoppunefnd þarf að skipa tvo foreldra frá kk og kvk sem sjá um að halda utan um vaktir og annað (sjá nánar upplýsingar í „Sjoppuhandbókinni“)

Hvert haldið	Ár	Árgangur
Gothia Cup yngra og eldra	2024	2008/2009
Gothia Cup – drengir Helsinki Cup – stúlkur	2025	2009
Gothia Cup – drengir Helsinki Cup – stúlkur	2026	2010
Gothia Cup – drengir Helsinki Cup – stúlkur	2027	2011

4.flokkur

Miða skal við að iðkendur **á eldra ári fari í keppnisferð erlendis**, en yngra árið fari í æfingabúðir í 1-2 nætur innanlands eða skoði með að fara á ReyCup. Varðandi keppnisferð erlendis skal horfa til þess að drengir fara á Helsinki Cup og stúlkur á Gothia. Gott er að kynna fyrir foreldrum hvert skulið haldið þegar iðkendur eru á **yngra ári** í 4.fl.

svo hægt sé að huga að skipulagningu og fjáröflunum. Hluti af fjáröflun er m.a. vinna á Krónumótum sem Knattspyrnudeild HK heldur á haustin.

Hvert haldið	Ár	Árgangur
Helsinki Cup – drengir Gothia Cup - stúlkur	2024	2010
Helsinki Cup – drengir Gothia Cup - stúlkur	2025	2011
Helsinki Cup – drengir Gothia Cup - stúlkur	2026	2012

Fjöldi þjálfara og fararstjóra í ferðum

Fjöldi þjálfara og fararstjóra er breytilegur eftir aldri iðkenda og eðli ferðar. Hér að neðan er viðmið til hliðsjónar þegar farið er í ferðir.

- 1 lið – 1 þjálfari og 1 fararstjóri
- 2 lið – 2 þjálfarar og 2 fararstjórar
- 3 lið – 2 þjálfarar og 3 fararstjórar

Þjálfarar eiga rétt á dagpeningum (sjá fjárhæð í skjalinu „Kostnaður vegna móta og leikja“ á heimasíðunni undir <https://www.hk.is/fotbolti/foreldrahandbok>)

Í upphafi tímabils að hausti

Foreldrafundur með þjálfurum

- Starfsár kynnt
- Óskað eftir foreldrum í flokksráð – skylda að manna flokksráð á fyrsta fundi
- Æskilegt er að hlutfall yngra og eldra árs foreldra sé jafnt (2 yngra ár, 2 eldra ár)
- Fyrirhugaðar keppnis-/æfingaferðir kynntar foreldrum
 - Ferðanefnd er skipuð innan foreldrahóps sem kemur að undirbúningi ferðar

Ferðaskrifstofur halda kynningarfund fyrir foreldra t.d. þegar haldið er á Gothia Cup.

Skipun nefnda

Flokksráð hugar að skipulagningu. Ágætt að skipta með sér verkum og skipa í nefndir til að dreifa álagi.

Ferðanefnd

- **Tengiliður** tilnefndur við ferðaskrifstofu og skrifstofu HK.
- **Kostnaðaráætlun** útbúin í framhaldi af kynningarfundum ferðaskrifstofu og upplýsingar sendar á forráðamenn eða stuttur fundur haldinn. Template til staðar á heimasíðu HK undir <https://www.hk.is/fotbolti/foreldrahandbok> .
- **Það þarf öllum að vera ljóst hvað er innifalið í endanlegu verði.** Kynna þarf fyrir foreldrum hvað er innifalið og gera öllum ljóst að kostnaður vegna þjálfara, fararstjóra deilist niður á hvert barn auk heildarverðs frá ferðaskrifstofu.
- Greiðsla staðfestingargjalds: Mismunandi eftir ferðaskrifstofum
- Tengiliður/gjaldkeri kallar eftir aðkomu skrifstofu HK vegna innheimtu staðfestingargjalds.
- Þjálfari eða tengiliður í ferðanefnd koma að því að stofna viðburð í gegnum Sportabler.
- Rest af greiðslu dreift á 3 – 4 skipti
- **Google doc skjal útbúið** sem sent er á forráðamenn þar sem kallað er eftir upplýsingum (ekki tæmandi listi)
 - *Nafn iðkanda*

- *Forráðamaður/Netfang/Símanúmer*
- *Fæðuofnæmi*
- *Áhugi á fararstjórn (já/nei) (Sjá hlutverk fararstjóra að neðan)*
- *Munu foreldrar vera staddir erlendis*
- Mikilvægt að staðfesta tímanlega hverjir munu verða fararstjórar

Fjáröflunarnefnd

- Hugar að fjáröflunum vegna ferðar, t.d.:
 - Dósasöfnun/Vörutalning
 - Auglýsingasöfnun á ferðafatnað

Fatanefnd

- Hugar að sameiginlegum ferðafatnaði. Kostnaður vegna ferðafatnaðar settur inn í kostnaðaráætlun.
- **Er í samskiptum við íþróttaverslun sem er styrktaraðili HK** hverju sinni og fær tilboð í fantað.
 - Ferðabol
 - Stuttbuxur
 - Félagspeysu fyrir leikmenn og fararstjóra
 - Ferðabol fyrir þjálfara/fararstjóra

Eftir áramót

- **Eftirstöðvar greiðslu**
 - Fer eftir hvernig greiðsluflæði ferðaskrifstofu er
- **Fatnaður**
 - Huga að því að gera hóppöntun fyrir flokkinn
 - Safna auglýsingum til að lækka kostnað
- **Þegar nær dregur ferð**
 - Útbúa upplýsingablað til foreldra vegna ferðar þar sem m.a. upplýsingar um hvaða þjálfarar og fararstjórar verða með í för.
 - Halda stuttan fund með foreldrum þegar heildarmynd er komin á ferðina.
 - Halda fund með fararstjórum og þjálfurum svo allir séu á sömu blaðsíðu.

Hlutverk fararstjóra

- Ferðast með liði sínu til og frá áfangastað.
- Ber fulla ábyrgð á liði sínu á meðan á ferð stendur.
 - Er með liði sínu allan tímann frá því lagt er af stað í ferðalag og þar til komið er heim.
 - Bæði kvölds og morgna, einnig á öllum viðburðum utan vallar, t.d. skemmtigarðar, diskó eða annað.
- Gistir á sama hóteli og leikmenn.
- Er fyrirmynd „mamma“ og „pabbi“ leikmanna.
- Heldur utan um öll samskipti við mótshaldara meðan á móti stendur.
 - Tilnefndur er einn fararstjóri af þeim fararstjórum sem fara í ferðina sem verður tengiliður við mótshaldara.
- Sér til þess að leikmenn mæti á leikstað á réttum tíma einnig í morgunmat, hádegismat og kvöldmat.
- Er í samskiptum við foreldra meðan á móti stendur ef eitthvað kemur upp.
 - Mikilvægt að fararstjórar séu með símanúmer foreldra.
- Sér um millimáltíðir milli leikja (drykki, ávaxtabakka eða annað).
- Sér um að háttatímar séu virtir og að ró komist á leikmenn á tilætluðum tíma.
 - Mikilvægt að fararstjórar sem eru með í för skipti með sér kvöldvöktum á hótelinu þannig að fullorðinn sé alltaf til staðar þar til ró er komin á mannskapinn.
- Tekur og hefur yfirlit yfir sérþarfir einstakra leikmanna s.s. lyf, mataræði, svefn eða annað - mikilvægt að spyrja foreldra að slíku fyrir brottför.
- Þetta er með öllu áfengislaus ferð og ber að virða það.
- Fararstjóri sér um allt annað en það sem snýr að knattspyrnunni, þjálfarar sjá um það :)

Dæmi um upplýsingablað

Hér er dæmi um upplýsingablað sem var útbúið til foreldra á haustmisseri 2019 vegna ferðar sem átti að fara á Gothia sumarið 2020.

Upplýsingablað – birt með fyrirvara um breytingar

Flugtími

Brottför	11. júlí	FI204	KEF > CHH	07:45	12:55
Heimför	19. júlí	FI323	OSL > KEF	16:10	17:00

Áætlaður heildarkostnaður 192.000 kr. með staðfestingargjaldi sem er nú þegar greitt.

Forráðamenn greiða beint til:

Vita 112.775 kr. fyrir 1. maí 2020 – sendum nánari upplýsingar um fyrirkomulag greiðslna.

HK 49.225 kr. fyrir 1. júní 2020 – Krafa verður stofnuð í Nóra/Sportabler.

Innifalið í verði:

- Rúta frá Kórnum til Keflavíkur á brottfarardag (nánari tímasetning síðar)
- Flug fram og til baka
- Rútur til og frá flugveldi úti
- Skattar
- Mótsgjöld
- Gothia Super Card
- Gisting í skólastofum með uppabúnum dýnum
- Fullt fæði á meðan á mótinu stendur (18 máltíðir)
- Íslensk fararstjórn
- Mótsgjald fyrir fararstjóra (sama innifalið og fyrir drengina) – borgum fyrir 1,5 fararstjóra
- Mótsgjald fyrir 2 þjálfara (sama innifalið og fyrir drengina nema þeir gista á hóteli)
- Matarkostnaður fyrir drengina (1.000 pr. dag)
- HK fatnaður fyrir strákana til að ná heildarútliti hjá hópnum :)
 - HK félagspeysa/ferðabolur/stuttbuxur með renndum vasa/varakeppnistreyja
- HK fatnaður fyrir fararstjóra
 - HK félagspeysa og ferðabolur
- HK ferðabolur fyrir þjálfara

- Þjálfarakostnaður
- Dagpassi 1 ½ dagur í Liseberg
 - Stefnt á að fara í garðinn sunnudaginn 12. júlí svo getur hvert lið farið til viðbótar í ½ dag

HK fatnaður - Erum að horfa á þennan fatnað – litur á bolum er ekki endanlega ákveðinn.

